

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA - RANNSÓKNASKÝRSLUR



Greining mannabeina af Vestdalsheiði

Guðný Zoëga
Ágúst 2006

2006/52

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðferðafræði	3
Varðveisla	3
Beinagreining	4
Aldur	4
Kyn.....	6
Hæð	6
Fornmeinafræði.....	6
Niðurstöður	6
Heimildir	7

Inngangur

Í lok júlímánaðar 2004 voru menn á göngu við Vestdalsvatn á Vestdalsheiði milli Seyðisfjarðar og Héraðs. Komu þeir fram á forna skartgripi og tilkynntu fundinn til Fornleifaverndar ríkisins. Í framhaldinu fór fram nokkurra daga rannsókn á staðnum og komu þá í ljós fleiri skartgripir en auk þess fundust tennur og aðrar beinaleifar úr mannsbeinagrind í hellisskúta. Að beiðni Fornleifaverndar ríkisins var gerð beinafræðileg rannsókn á beinunum og fylgja niðurstöðurnar í eftirfarandi skýrslu.

Aðferðafræði

Ýmsa þætti má greina á beinum ss. lífaldur og kyn einstaklingsins, líkamshæð og kynþátt. Einnig eru skráð ýmis mælanleg (metric) og ómælanleg (meðfædd) einkenni á beinunum sem geta gefið ýmsar upplýsingar um einstaklinginn. Auk þess eru skráðir þeir þættir sem benda til hverskyns aldurs- eða sjúkdómatengdra breytinga á beinunum. Árangur beinagreiningar er þó mjög háður því hvernig beinin hafa varðveist og hversu mörg bein eru enn til staðar.

Varðveisla

Góð varðveisla beina er undirstaða beinagreiningar og er varðveislunni skipt niður í fimm flokka.

- 1: >90% af beinagrindinni til staðar
- 2: 75-90% af beinagrindinni til staðar
- 3: 50-75% af beinagrindinni til staðar
- 4: 35-50% af beinagrindinni til staðar
- 5: <30% af beinagrindinni til staðar

Einungis fáein bein hafa varðveist af beinagrindinni og eru þau mjög illa farin nema tennurnar sem voru nokkuð heillegar. Ekkert beinanna var heilt og þau voru mjög veðruð, flögubeinið (ysta lag beinanna) var flagnað af og beinin almennt mjög upplituð. Beinagrindin telst því í varðveisluflokki 5 eða undir 30% beinagrindarinnar varðveitt.

Þau bein sem greind voru:

- Miðhlutar úr hægri og vinstra upphandleggsbeini (humerus).
- Brot af hægri og vinstra sveifarbeini (radius).
- Brot af hægri öln (ulna).
- Nokkur brot úr höfuðbeinum; brot af hnakkabeini (os occipitale), hluti vinstra gagnaugabeins (temporal), 4 brot af fleygbeini (os sphenoidale), 3 brot af hvirfilbeinum (os parietale) auk 3 ógreinanlegra höfuðkúpubrota.
- Brot af hægri axlarhyrnu (acromion).
- Tvö rifbein vinstri hliðar (hlutar) 10 rifbeinabrot (costae).
- Auk þess voru allar tennur úr efri og neðri gómi utan augntannar í neðra gómi hægri megin.*



Beinaleifarnar sem fundust á Vestdalsheiðinni. Ljós. GZ


Beinagreining

Aldur

Þar sem tennur voru nokkuð heillegar var hægt að áætla aldur einstaklingsins út frá þeim. Lífaldur er metinn út frá eyðingu tannflata og er almennt nokkuð góð aðferð við

* Sú tönn mun hafa fundist seinna þegar farin var önnur ferð á svæðið.

greiningu á lífaldri. Hinsvegar ber að taka aldurgreiningunni með fyrirvara þar sem að öðrum aldurgreiningaratriðum verður ekki komið við verður að gefa aldurinn upp með nokkrum vikmörkum. Aldur er metinn út frá yfirborðseyðingu jaxla og voru dálítill eyðing á fyrsta jaxli í bæði efri og neðri gómi og lítilsháttar eyðing á jaxli númer tvö í efra gómi hægra megin. Sé miðað við aldurgreiningaraðferð Miles¹ er um að ræða tennur úr ungri manneskju, um 18 ára að aldri. Aldurgreiningaraðferð Brothwells² gefur til kynna að um sé að ræða einstakling frá 17-25 ára aldurs.



Allar tennurnar höfðu varðveist vel. Ljósmynd. GZ

Hinsvegar ber að geta þess að stundum virðast tennur í íslenskum beinasöfnum ekki eins eyddar og þeim beinasöfnum sem ofangreindar aðferðir miða við. Því kann að vera að aldur einstaklingsins sé eilítið herra en þessar tölur benda til.³ Þó eru tennurnar það heilar að hægt er að áætla að líklegur aldur sé milli 20-30 ára.

¹ Simon Mays: The Archaeology of human bones. London. 1998, bls. 61.

² D.R. Brothwell: Digging up bones. New York, 1994, bls. 72.

³ Hildur Gestsdóttir: The Palaeopathology of Iceland. Preliminary report 2003. FSÍ, 2004, bls. 6.

Þó svo að slit væri almennt lítið á tönnunum voru framtennur í efri og neðri gómi nokkuð slitnar auk þess sem framtennur efri góms voru dökkar á lit. Slíkt kann að tengjast einhverjum athöfnum eða venjum sem valda óvenjulega miklu sliti á afmörkuðum tannflötum.⁴

Kyn

Beinin voru of illa varðveitt til þess að hægt væri að greina kyn á þeim.

Hæð

Lífhæð einstaklings er metin út frá mælingum á leggjabeinum, einu eða fleirum. Beinin voru of illa varðveitt til að hægt væri að mæla þau.

Fornmeinafræði

Engar meinafræðilegar breytingar voru sýnilegar á beinunum en á nokkrum tannanna mátti finna vott af tannsteini.

Niðurstöður

Sökum þess hve beinin voru veðruð og illa farin var fátt sem hægt var að greina á þeim með aðferðum beinafræðinnar. Ekki var hægt að áætla kyn viðkomandi en slíkt hefði verið mjög áhugavert í tengslum við skartgripina sem fundust með beinunum. Aldur manneskjunnar var áætlaður milli tvítugs og þrítugs út frá sliti á tönnum.

Einungis er um að ræða bein úr efri hluta líkamans og athyglisvert að ekki fundust nein bein sem hægt var að greina til neðri hluta líkamans. Leggjabein fótleggja eru þau bein sem gjarnan varðveitast best og því er ólíklegt að þau hafi eyðst algerlega á meðan að gljúpari bein eins og rifbein eru varðveitt. Þetta kann að skýrast af því að beinum neðri hlutans hafi skolað í burtu eða þau veðrast þar sem að þau hafa legið óvarin utan við skútann sem beinin fundust í.

⁴ D.R. Brothwell: Digging up bones. New York, 1994 , bls. 71.

Heimildir:

D.R. Brothwell: *Digging up bones*. New York, 1994.

Hildur Gestsdóttir: *The Palaeopathology of Iceland. Preliminary report 2003*. FSÍ, 2004.

Simon Mays: *The Archaeology of human bones*. London. 1998.

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrningsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tunguveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjófsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-As í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauða í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
- 43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
- 44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
- 45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
- 46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi**. Guðný Zoëga, október 2005.
- 47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
- 48 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.
- 49 **Fornleifaskrá Reynistaðar**. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
- 50 **Fornleifaskrá Þingeyra**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
- 51 **Fornleifaskráning á Langholti II**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.
- 52 **Greining mannabeina af Vestdalsheiði**. Guðný Zoëga, ágúst 2006.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.skagafjordur.is/byggdasafn